

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 139/1263*

*komudagur 10.2.2011*

Iðnaðarnefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 07. febrúar 2011

2011010030/42-1-3

TB

jgo/tb

**Tillaga til þingsályktunar, orkuskipti í samgöngum, 403. mál**


Við er til tölvupósts/bréfs frá iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 27. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um orkuskipti í samgöngum, 403. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands tekur undir þau markmið sem koma fram í framangreindri þingsályktunartillögu þ.e. að skipta beri út kolefnaorkugjöfum fyrir endurnýjanlega orku í samgöngum. Í tillögunni kemur fram að fyrst og fremst sé átt við að nota raforku sem orkugjafa en eimig eru taldir miklir möguleikar á að framleiða metan, lífdísilolíu, metanól og fleiri orkugjafa. Náttúrufræðistofnun vill minna á að nauðsynlegt er að skoða notkun orkugjafa með heildstæðum hætti. Aukin notkun á raforku til samgangna hlýtur að auka ásókn í raforku þ.m.t. jarðhita. Þetta leiðir hugann að því að tryggja þarf að jarðhitinn geti endurnýjað sig og að aukin ásókn í jarðhita- og vatnsorku valdi ekki óafturkræfum skaða á náttúru landsins né ofnýtingu m.t.t. til framtíðar. Hvorki jarðhitaorka eða vatnsorka eru endurnýjanlegir orkugjafar með sama hætti og t.d. vindorka og sólarorka. Einnig er vel þekkt að ræktun á plöntum til að framleiðslu á lífdísilolíu hefur ekki eingöngu jákvæðar hliðar. Það er því nauðsynlegt að allar rannsóknir vegna þessa máls taki til heildaráhrifa á náttúru landsins og að settar séu fram skilgreiningar á því hvenær orka teljist endurnýjanleg og hvenær ekki.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

